



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

SPÆN1CC05

Byrjunaráfangi 3 í spænsku

Kennari:	Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Sk.st.	GKS
-----------------	--------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð.

Til að æfa þessi atríði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Fólk; líf þess og athafnir í fortíð.
- Líkaminn, heilsa og lífnaðarhættir.
- Tala um framtíðarplön.

Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á spænsku í töluðu og rituðu máli, og einnig verður lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með fjölbreytt efni, meðal annars tónlist, myndbönd, leiki og ýmist efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær spænskumælandi menningarheimi og eflir menningarläsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: SPÆN1BB05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ❖ þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- ❖ mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- ❖ grundvallarþáttum málkerfisins
- ❖ formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ❖ að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- ❖ lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- ❖ að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- ❖ að beita orðaforða á skýran hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- ❖ að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar

- ❖ að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ❖ fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr kunnuglegu efni
- ❖ afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- ❖ tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum um kunnugleg efni og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- ❖ takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- ❖ miðla eigin þekkingu, skoðunum, tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- ❖ útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir
- ❖ miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- ❖ skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- ❖ skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein.

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo Español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Vinnuhefti frá kennara
- Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- Glósubók/Stílabók - stærð A4 eða A5
- Námsefni á Innu
- www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- www.wordreference.com (orðabók og sagnbeygingar á netinu)
- www.verbix.com (sagnbeygingar á netinu)
- <https://conjuguemos.com/> (gagnvirkar sagnbeygingaæfingar á netinu)
- Duolingo, Quizlet og Kahoot (leikja-/námsforrit)

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlutapróf	Tvö skrifleg hlutapróf úr námsefninu (20% hvort próf) (lesskilningur, orðaforði og málfræði)	40%
Hlustunarpróf	Tvö hlustunarpróf (5% hvort)	10%
Munnlegt próf	Upplstur úr smásögu/Munnlegt próf (í lok annar)	10%
Verkefni	Ýmis verkefni (ritanir, kvikmyndaverkefni, þemaverkefni smásöguverkefni o.s.frv.)	35%
Annað	Mæting og ástundun (þátttaka í tímum o.fl.)	5%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	1. – 2. jan.	Jólafrí	
2	3. – 9. jan.	Kynning á áfanganum	
3	10. – 16. jan.	Upprifjun úr SPÆN1AA og SPÆN1BB 10A: Líkaminn og sögnin <i>doler</i>	Læknaverkefnið: upplestrarverkefni
4	17. – 23. jan.	11A: Spurnarfornöfn	Krossapróf á INNU
5	24. – 30. jan.	11C: Háar tölur, dagsetn. og ártöl	Krossapróf á INNU
6	31. jan. – 6. feb.	8B: Atburðapátíðin Vinnuheftið: Atburðapátíðin (ór.sagnir)	Ritun: Mi vida Sagnapróf: Atb.þátíð
7	7. – 13. feb.	Upprifjun f/ Hluta- og hlustunarpróf 1	Hlutapróf 1 Hlustunarpróf 1
8	14. – 20. feb.	Atburðapátíðin/undirbúningur f/kynn. Orðaforði sem tengist þemaverkefninu	
9	21. – 17. feb. Verkefnadagur 21. feb.	Kynning	Kynning (þemaverkefni)
10	28. feb. – 6. mars Kátir dagar og Flóafár 2. – 4. mars. Miðannarmat	12B: Núliðin tíð	Ritun: ¿Qué has hecho hoy? Sagnapróf: Núliðin tíð
11	7. – 13. mars Opíð hús 8. mars Áfangamessa 9. mars	Kvikmynd	Kvikmyndaverkefni
12	14. – 20. mars Valdagur 16. mars	10C-10D: Náin framtíð	Ritun: La semana que viene Sagnapróf: Náin framtíð
13	21. – 27. mars	10B: Lýsingarþátíðin Lýsingarþátíð + Atburðapátíð	Ritun: Cuando yo era joven Sagnapróf: Lýsingarþátíð
14	28. mars – 3. apríl	Upprifjun fyrir Hlutapróf 2	Hlutapróf 2 Hlustunarpróf 2
15	4. – 10. apríl	SKRAP	SKRAP
16	11. – 17. apríl Páskafrí	PÁSKAFRÍ	
17	18. – 24. apríl Páskafrí til og með 19. Apríl Sumard.fyrsti 21. apríl	PÁSKAFRÍ Smásaga	
18	25. apríl – 1. maí	Smásaga	Upplestur/verkefni á INNU
19	2. – 8. maí Síðasti kennslud 6 maí	Munnleg próf SKRAP og uppgjör annar	Munnleg próf SKRAP
20	9. – 16. maí	Námsmat/SKRAP	SKRAP

Námsmat hefst mánudaginn 9. maí (það er **EKKI** lokapróf í þessum áfanga þar sem þetta er **SÍMATSÁFANGI** en athugið það er gerð krafa um **80% verkefnaskil** og **lágmarkseinkunnir á kaflaprófum**). Áætlun þessi getur hæglega breyst t.d. vegna veikinda og er því sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

- ❖ Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í kennsluáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf. Yfir önnina eru 5 dagsetningar þar sem verkefni sem sett hafa verið fyrir þurfa að vera komin inn, annars gilda þau ekki til lokaeinkunnar. Þessar dagsetningar eru síðasti dagur í hverjum mánuði og svo síðasti kennsludagur. S.s. **31. janúar, 28. febrúar, 31. mars, 30. apríl og 6. maí.**
- ❖ Einkunnin **0** fæst fyrir vanskil á verkefnum og ekki er tekið við verkefnum sem er skilað eftir mánaðarlega skilafrestinn.
- ❖ Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í næsta skriptíma.
- ❖ Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar.
- ❖ Nemendur með opið vottorð þurfa að skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur.
- ❖ Notkun síma, tölvu og ipods/mp3 spillara er ekki heimil í tímunum nema kennari taki það sérstaklega fram, t.d. í tengslum við verkefnavinnu o.þ.h. **Ítrekuð notkun slíkra tækja getur orsakað fjarvist í tíma.**
- ❖ Ef þið þurfið einhverra hluta að fara fyrir úr tíma, látið þá kennarann vita í byrjun tímans eða fyrir tímamann, ef mögulegt er.
- ❖ Að auki skal bent á að ef nemandi fer fram og er **10 mínútur eða lengur** frammi þá jafngildir það fjarvist. **Vegna Covid-19 verðum við einnig að reyna að sporna sem allra mest við rápi fram og tilbaka úr skólastofunni.**
- ❖ Gerð er krafa um **80% skil** á verkefnum (einnig skal aftur tekið fram að **það má ekki sleppa hluta-/kaflaprófunum, hlustunarprófunum og munnlega prófinu ef standast skal áfangann**). Einnig þurfa nemendur að fá **4,5 í meðaleinkunn** úr hlutaprófunum tveimur til að standast áfangann. Ef nemandi er með undir 4,5 í þeim prófum má hann taka endurtökupróf í skrapi og gildir þá hærrí einkunnin.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Með von um skemmtilegt samstarf,
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir.